




Ísafjarðarbær mál nr. XXXX - Skipulagsgátt mál. nr. 861/2023

Stig málsmeðferðar: Lýsing (kynningartími 14.11.2023-8.12.2023)

Mál: óskað var umsagnar um lýsingu á nýju deiliskipulagi vegna frístundabyggðar í Dagverðardal í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ.

Innsendar umsagnir

Dags.	Aðili	Umsögn	Viðbrögð
01/12/23	Skógræktarfélag Ísafjarðar Jóhann Birkir Helgason	<p>Umsögnin er skrifuð fyrir hönd Skógræktarfélags Ísafjarðar.</p> <p>Á fundi Skógræktarfélags Ísafjarðar þann 30.11.2023 var erindið tekið fyrir og eftirfarandi var bókað. "Skógræktarfélag Ísafjarðar fékk landið (Kinn) úthlutað frá Ísafjarðarkaupstað, sjá meðfylgjandi bréf dags. 30.03.91. Hluti deiliskipulagssvæðis nær yfir það svæði og því þarf að fjarlægja eitthvað af trjám á svæðinu."</p> <p>Skógræktarfélagið fagnar hins vegar að uppbygging sé á svæðinu en telur sjálfsgætt að það tjón sem verður á trjám verði bætt.</p>	<p>Til upplýsinga: Þann 30.03.1991 berst bæjarstjóra ósk Skógræktarfélagsins eftir landi til gróðursetningar. Tilkynning berst til Skógræktarfélagsins dags 19.05.1993 um að bæjarstjórn hafi samþykkt að félaginu yrði úthlutað svæði ofan vegarins að jarðgöngum, allt að 10 ha, fyrir skógrækt.</p> <p>Þessu fylgir skissa. Óljóst er á skissunni hvort Kinn sé allt innan ytri hrings eða hvort að það sé einungis innri hringurinn.</p> <p>Eins og sést að neðanverðri mynd er skilgreint íbúðarsvæði (bleikt) skv gildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 að mestu leyti utan innri hringsins.</p> <p>Framkvæmdaraðili ræðir við Skógræktarfélagið um mögulegar bætur.</p>



Í grunni er skjáskot af þéttbýlisupprætti, ofan á því er skjáskot af upprætti nýja deiliskipulagsins og ofan á því er teikningin sem Skógræktarfélagið sendi með umsögn.

05/12/23	Náttúrufræðistofnu n Íslands	Við er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 14. nóvember 2023, þar sem Ísafjarðarbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á nýju	Tekin er til greina athugasemd NÍ og forðast verður af fremsta megni að raska votlendi á svæðinu.
----------	------------------------------	--	---



ÍSAFJARÐARBÆR

	<p>Borgný Katrínardóttir</p>	<p>deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Dagverðardal í Skutulsfirði.</p> <p>Um er að ræða áður ódeiliskipulagðan reit í Dagverðardal í Skutulsfirði. Deiliskipulag þetta er skilgreint fyrir landnotkunarflokkana frístundabyggð með möguleika fyrir verslun og þjónustu.</p> <p>Skipulagssvæðið er 8,2 ha og liggur við rætur Hníffajalls í mynni Tungudals og Dagverðardals í Skutulsfirði. Að norðanverðu er gróin hlíð og þar liggur Vestfjarðavegur nr. 60 um Tungudal. Að sunnanverðu afmarkast svæðið um veg sem liggur upp á Breiðadalshéið sem hefur verið aflagður sem þjóðvegur þó að enn sé þar nokkur umferð. Sunnan svæðisins er grjótnáma og aðsetur Vegagerðarinnar.</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér lýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri: Eitthvað votlendi virðist vera innan svæðisins og ætti að forðast að raska því. Þar sem um er að ræða tiltölulega lítið frístundasvæði sem liggur nærri byggð og ýmsum öðrum mannvirkjum þá gerir Náttúrufræðistofnun ekki aðrar athugasemdir við skipulagið en að ítreka það sem fram kemur í greinargerðinni um að allt rask verði lágmarkað og hönnun húsa taki mið af því að falla sem best inn í umhverfið til að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd svæðisins.</p>	
06/12/23	<p>Orkubú Vestfjarða</p> <p>Halldór Valgarður Magnússon</p>	<p>Orkubú Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu.</p> <p>Ég vil minna á að huga þarf vel að dreifikerfi rafmagns á seinni stigum skipulagsins.</p>	<p>Hugað verður vel að dreifikerfi rafmagns á seinni stigum skipulagsins.</p>
08.12.23	<p>Skipulagsstofnun</p> <p>Guðjón Þór Erlendsson</p>	<p>Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 14 nóvember 2023, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í bæjarstjórn 2. nóvember 2023, og varðar tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Dagverðardal í Skutulsfirði.</p> <p>Samkvæmt lýsingunni, dags. október 2023, er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir 15-20 frístundahús í 2-3 áföngum á alls 8,2 ha svæði. Gert er ráð fyrir að hluti frístundahúsanna verði í skammtímaútleigu. Breyting á aðalskipulagi þar sem landnotkun er breytt úr íbúðarbyggð í frístundabyggð með sérákvæðum um verslun og þjónustu, verður auglýst samhliða deiliskipulagi.</p> <p>Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar en bendir á eftirfarandi atriði sem þarf að skoða í tengslum við gerð deiliskipulags.</p>	<p>Búið er að samræma ask og dsk um verslun og þjónustu.</p> <p>Texta í greinargerð deiliskipulags breytt svo skýrt sé að áætlað sé að byggja allt að 45 hús.</p> <p>Á uppdrátt verður sett á hvaða hluta frístundabyggð er gert ráð fyrir almennri útleigu og hvar á svæðinu er gert ráð fyrir hefðbundinni orlofshúsabyggð.</p>



ÍSAFJARÐARBÆR

		<p>- Í vinnslutillögu aðalskiplagsbreytingar fyrir umrætt svæði, sem stofnunin hefur borist til yfirferðar, er breyting á landnotkun ekki sett fram á sambærilegan hátt og í lýsingu fyrir deiliskipulag. Í vinnslutillögu aðalskiplagsbreytingar kemur fram að svæðið verði skilgreint sem frístundabyggð en í lýsingu fyrir deiliskipulag má sjá á skýringarupprætti að þar verði gert ráð fyrir að hluti svæðisins verði skilgreindur sem verslunar og þjónustusvæði. Þetta þarf að samræma.</p> <p>Þar kemur fram að í 1. áfanga verði reist 15 hús, en í heildina verði gert ráð fyrir 45 húsum á 8,2 ha svæði. Í lýsingu fyrir gerð deiliskipulags er hins vegar gert ráð fyrir 15-20 húsum á svæðinu sem er þá ekki í samræmi við áformin eins og þeim er lýst í tillögu að breytingu á aðalskiplagi.</p> <p>- Stofnunin mælir með því að í deiliskipulagi komi fram á upprætti, á hvaða hluta frístundabyggðar verði gert ráð fyrir almennri útleigu og hvar á svæðinu verði gert ráð fyrir hefðbundinni orlofshúsabyggð sbr. einnig umsögn Skipulagsstofnunar um vinnslutillögu fyrir aðalskiplagsbreytingu dags. 8. desember 2023.</p>	
08.12.23	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða Hlynur Reynisson	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur yfirfarið skipulagslýsingu Frístundabyggð í Dagverðardal. Ekki eru gerðar athugasemdir við ofangreinda lýsingu en bent er á að gera þarf grein fyrir veitum og þá sérstaklega fráveitu frá svæðinu.	Gerð verður grein fyrir veitum og fráveitu frá svæðinu í vinnslutillögu
11.12.23	Vegagerðin vestursvæði Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vísað er til erindis skipulagssviðs Ísafjarðarbæjar dags. 14.11.2023, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreinda tillögu. Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd. Vegagerðin bendir á ef óskað verði eftir að vegur við tiltekið skipulagssvæði verði tekinn inn á vegaskrá, þá getur Vegagerðin ekki orðið við því vegna fjölda tenginga. Stofnunin vill einnig benda á að Starfstöð Vegagerðarinnar er sunnan megin við skipulagssvæði og þar er verkstæði, þar sem er unnið bæði innandyra og utandyra, hávaði getur fylgt starfsemi.	Vegurinn upp á gömlu Breiðardalsheiði sem liggur með skipulagssvæðinu er gamall aflagður þjóðvegur en er nú skv. 9. gr. Vegalaga nr. 80/2007 í flokki sveitarfélagsvega. Sveitarfélagsvegir sem ekki teljast þjóðvegir skv. 9. gr. Vegalaga, eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálstrar umferðar. Ísafjarðarbær er því veghaldari í þessu tilfelli og skv. 32. gr. sömu laga hefur fengist leyfi til að staðsetja húsinn innan skipulagssvæðisins allt að 15 m frá miðlínu vegarins. Þetta er því ekki vandamál.
02.01.24 Barst í tölvupósti 28.12.23	Veðurstofa Íslands Hlíf Sævarsdóttir	Með erindi dags. 14. nóvember sl. óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands um nýtt deiliskipulag vegna frístundabyggðar í Dagverðardal í Skutulsfirði. Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við deiliskipulag þetta.	Engar athugasemdir.